

Umsögn um tillögu að þingsályktun um:
áhættumat vegna ferðamennsku

1. Almenn um tillöguna

Þjóðgarðsyfirvöld í Vatnajökulspjóðgarði fagna öllum verkefnum sem stuðla að auknu öryggi ferðamanna sbr. markmið tillögunnar *að fækka slysum og óhöppum ferðamanna í óbyggðum og utan alfaraleiða*. Þjóðgarðsyfirvöld telja fulla þörf á greiningu sem geti verið grunnur að upplýsingagjöf til ferðamanna sem væri bæði öflugri og aðgengilegri en sú sem við búum við í dag.

2. Áhættumat í Vatnajökulspjóðgarði

Í Vatnajökulspjóðgarði er til staðar öryggisáætlun sem inniheldur viðbragðsáætlanir fyrir svæði og áhættumat á öllum helstu ferðaleiðum og ferðamannastöðum innan þjóðgarðs. Þessi vinna fór fram í samræmi við kröfur Vakans gæðastýringakerfi ferðamálastofu. Ekki var valið að áhættumeta stór svæði í heilu lagi heldur var áherslan lögð á að skoða nánar vegi, slóða, gönguleiðir og einstaka þekktu ferðamannastaði (dæmi: Dettifoss, vöð á vegaslóðum) þar sem búast mætti við ferðamönnum og þjóðgarðurinn beint eða óbeint hvetur til ferðamennsku.

3. Kostir og gallar flokkunar í áhættusvæði

Helsti kostur þess að flokka landið allt í áhættusvæði með einföldum hætti er hversu auðveld framsetning upplýsinga yrði gagnvart ferðamönnum. Þá væri möguleiki að merkja sérstaklega leiðir inna svæði með hærra áhættustig svo að ferðafolk geri sér grein fyrir áhættuni. Helsti kostur slíks kerfis er jafnframt helsti galli þess; einfaldleikinn getur orðið of einfaldur fyrir síkvika íslenska náttúru sem breytir gersamlega um eðli með árstíðum og veðri. Það er ekki nóg að skilgreina áhættusvæði eftir því hvort þau séu nálægt byggð eða ekki, slíkar skilgreiningar umturnast á veturna þegar allt eins langt getur orðið í bjargir í byggð og á miðju hálendinu. Það verður að mati þjóðgarðsyfirvalda þrautin þyngri að finna aðferðafræði og skilgreiningar sem gera náttúrunni og hinum raunverulegu hættum rétt til en verða ekki alltof flóknar í framkvæmd. Þetta er þó ekki ómögulegt.

4. Um vafasaman samanburð við nágrannaeyjar

Afar vafasamt er að draga of mikinn lærdóm af hvernig málum er háttað á Svalbarða og Grænlandi. Stóri munurinn milli þessara landa og Íslands liggur annars vegar í fjölda ferðamanna og hinsvegar í fjölda aðkomuleiða að svæðum. Flest ef ekki öll svæði á Grænlandi hafa aðeins eina aðkomuleið fyrir ferðamenn (flugvöllinn) og það sama á við um Svalbarða. Fjöldi aðkomuleiða á svæði á Íslandi þýðir að eftirlit yrði mjög dýrt jafnvel illmögulegt.

5. Niðurstaða

Þjóðgarðsyfirvöld fagna framkominni þingsályktunartillögu þar sem slík greiningarvinna gæti bætt til muna upplýsingagjöf til ferðamanna og meðvitund þeirra um hættur þær sem felast í íslenskri náttúru. Starfsfólk Vatnajökulspjóðgarðs er tilbúið til að taka þátt í komandi greiningarvinnu undir stjórn ríkislögreglustjóra.